

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 13. febrúar 2023
UST202301-392/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.- Stytting Hörgaeyrargarðs

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna styttingar Hörgaeyrargarðs.

Í erindinu kemur fram skipulagsbreytingin felur í sér þá breytingu á skipulagssvæði Hafnarsvæði við Eiðið (H-2) að heimilt verður að stytta Hörgaeyrargarð um allt að 90 m þar sem hugmynd er að nýta efnið sem taka þarf úr garðinum við viðhald á núverandi hafnarmannvirkjum og aðra uppbyggingu á Heimaey eftir þörfum.

Auk þess kemur fram að til að fjarlægja efnið úr Hörgaeyrargarði verður lagður tímabundinn vegur að garðinum, sem verður fjarlægður að framkvæmd lokinni. Vegagerðin gerir ráð fyrir því að um 11.000 m³ af efni verði fjarlægðir úr Hörgaeyrargarði með gröfu. Samhliða verður dýpkað af um 44.000 m² svæði, sem mun þýða um 235.000 m³ af blönduð efni, sandi, mól og móbergi sem hrunið hefur úr Heimakletti.

Haugsetning og meðhöndlun á menguðum jarðvegi

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni þarf að fjalla nánar um meðhöndlun dýpkunarefnisins sem fellur til ásamt framkvæmd haugsetningar og nýtingu efnisins. Einnig þarf að fjalla um hvort um mengaðan jarðveg sé að ræða.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 14. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg kemur fram að mengaður jarðvegur sem grafinn er upp eða færður af upprunastað skal hljóta viðeigandi meðhöndlun skv. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim sem og öðrum ákvæðum þeirra laga. Þetta á við hvort sem jarðvegurinn er meðhöndlaður á upprunastað eða fer annað til meðhöndlunar svo sem til endurnýtingar eða förgunar.

Aðilar sem sjá um flutning eða aðra meðhöndlun á menguðum jarðvegi skulu hafa gilt starfsleyfi og eftir því sem við á starfsleyfi til að flytja spilliefni, sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hreinsunaraðgerðir eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirlitinu sbr. 19. tl. IV. viðauka laga 7/1998.

Óheimilt er að blanda menguðum jarðvegi við annan jarðveg eða efni með það að markmiði að lækka styrk mengandi efna í honum, nema um sé að ræða viðurkenndar aðgerðir til hreinsunar jarðvegsins.

Landfylling

Sumt af því efni (dýpkunarefni) sem tekið er upp getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Skv. OSPAR samningnum um verndun hafsrýmis Norðaustur-Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er óheimilt að varpa dýpkunarefni í hafið nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni þarf að koma fram hver notkun efnisins verður. Ef nota á efnið sem fellur til í opna landfyllingu er um að ræða varp í hafið.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa stofnuninni að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Einnig gæti þurft að kanna styrk mengunarefna í dýpkunarefninu samkvæmt viðauka II með reglunum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur